

10. fundur stjórnar Siðmenntar

5. október 2023 | Laugavegi 178 | kl: 16:30

Mætt:

Á staðnum: Inga Auðbjörg Straumland, Sigurður Rúnarsson, Hope Knútsson, Kristín Sævarsdóttir, Arnar Snæberg og Eyjólfur Örn Snjólfsson framkvæmdastjóri á staðnum.

Í fjarfundartengingu frá athafnaráði vegna 1. fundarliðar: Guðrún Þóra Arnardóttir verkefnastjóri athafnaþjónustu, Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson og Anna Brynja Baldursdóttir.

Fundargerð ritar: Eyjólfur Örn Snjólfsson, framkvæmdastjóri.

Dagskrá

1. Athafnaráð

Guðrún, Bæring og Anna kynntu og fóru yfir helstu mál sem eru á borðinu hjá verkefnastjóra athafnaþjónustu og athafnaráði.

- Mál til upplýsingar - Rukkunarferli:** Verið er að innleiða breytingu á rukkunarferli til útlenskra para (íslenskra líka) á þá leið að kostnaður er rukkður fyrr. Þetta minnkar brottfallshættu og eykur skilvirkni. Í einhverjum tilfellum getur munað á upphæðum þegar athöfn er lokið en það verða vonandi undantekningatilfelli.
- Mál til upplýsingar - Virkniviðmið:** Verkefnastjóri athafnaþjónustu hefur sent út form til athafnastjóra til að færa inn upplýsingar um virkni sína á árinu 2022. Málið er í vinnslu.
- Mál til upplýsingar - Þjónustukannanir:** Verkefnastjóri athafnaþjónustu hefur endurbætt þjónustukannanir og eru þær nú sendar til þjónustukaupa að einkaathöfnum loknum. Unnið verður úr þeim og niðurstöður kynntar þegar þökkalegur fjöldi kannana hafa verið fylltar út.

- **Mál til upplýsingar - Ef athafnastjóri forfallast:** Búið er að gera vinnureglu varðandi hvernig dreifa skal kostnaði ef athafnastjóri forfallast og annar tekur við keflinu. Verður skilgreint í gjaldskrá.
- **Mál til umræðu - Verð er 2 athafnir eru framkvæmdar í einu:** Þetta er ekki til staðar í verðskránni. Athafnaráð kemur með tillögur til stjórnar.
- **Mál til umræðu - Athafnir á skrifstofu:** Þetta er hluti af aðeins stærra máli. Skrifstofan telur æskilegt að starfsmenn hennar geti framkvæmt athafnir. Bæði vegna þess að endrum og sinnum berst beiðni um athöfn á skrifstofunni og vegna þess að gott getur verið að geta brugðist skjótt við þegar þörf krefur. Það hlýtur jafnframt að teljast jákvætt að starfsmenn skrifstofunnar hafi vígsluréttindi. Máli er beint til athafnaráðs.
- **Mál til umræðu - Hvaða skjöl geta athafnastjórar afhent:** Þetta er tvíþætt mál. Annars vegar hvaða athafnir Siðmennt vill setja merki sitt á (dæmi táknrænar athafnir) og hins vegar vill félagið bjóða upp á að hægt sé að kaupa útprentuð skírteini og fyrir hvers lags athafnir. Máli er beint til athafnaráðs.
- **Mál til umræðu - Gjaldskrá 2024:** Verkefnastjóri athafnaþjónustu óskar eftir því að gjaldskrá fyrir 2024 verði gefin út sem fyrst. Þetta er til þess að forða því að margar mismunandi gjaldskrár séu í gangi á sama tíma. Búið er að gera drög að gjaldskrá, sem er hin sama og var samþykkt fyrr á árinu. Athafnaráð gefur sitt álit á henni og sendir til stjórnar í tölvupósti til samþykkis.
- **Mál til umræðu - Verktakasamningar:** Skrifstofan hefur útbúið fyrstu drög að verktakasamningi við athafnastjóra og hafa 3 athafnastjórar undirritað þá. Skrifstofan vill auðga skjalið og bæta við viðauka sem vísað sé í og getur því tekið breytingum án þess að biðja þurfi aftur um undirskriftir á alla línuna. Skrifstofa vinnur áfram og beinir síðan máli til athafnaráðs.
- **Mál til umræðu - Verklag með virkniviðmið:** Þetta snýr að erindisbréfi athafnaráðs. Verkefnastjóri athafnaþjónustu, Arnar og Inga eru að vinna málið.

2. Athafnaráð

Staðan er þannig að í dag eru 5 fulltrúar. Rætt var um vinnu og skipulag athafnaráðs og þörf á því að erindisbréf verði útbúið.

Verkefnastjóri athafnaþjónustu er með hugmyndir um uppstokkun á skipun og ýmsu öðru sem tengist ráðinu. Hún mun vinna erindisbréf til stjórnar með sínum tillögum.

3. Fjármálastaða

Rekstur félagsins er stöðugt að styrkjast. Sem stendur eru rúmlega 10 milljónir inn á reikningi félagsins. Halda þarf áfram vel utan um reksturinn.

4. Þingsetningarathöfn

Félagið bauð forseta Íslands, ráðherrum og þingmönnum á þingsetningarhugvekju fyrir setningu Alþingis 12. september áður en formleg dagskrá hófst.

Að þessu sinni fór hugvekjan fram í hátíðarsal Iðnó og ásamt hugvekju var boðið upp á vegansúpu og tónlistaratriði og ræðu um siðferðileg málefni frá Atla Þór Fanndal ásamt því sem ljósmyndari var fenginn til að fanga viðburðinn á filmu. Frá þingflokkinum mættu um 15 einstaklingar og var hugvekjan bæði notaleg og vel heppnuð.

Kostnaður var rétt tæp 550 þúsund krónur sem er 100 þúsund lægra en árið 2021.

Atriði	Upphæð
Salarleiga	180.000
Matur + kaffi	98.500
Tæknimaður	25.000
Ljósmyndari Haraldur	45.000
Tónlist Gunnur	60.000
Tónlist Anna Bergljót	40.000
Ræða og tónlist Brynhildur	50.000
Ræða Atli Þór Fanndal	50.000
Total	548.500

Hlekkir á internetinu: [fésbókarfærsla](#), [frétt á heimasíðu](#), [instagram](#)

5. STEF

Félaginu barst bréf frá STEF þann 19. september 2023, þess efnis að STEF væri að hefja innheimtu á höfundarréttargjöldum hjá trú- og lífsskoðunarfélögum byggt á samningi sem gerður var á milli STEFS og Þjóðkirkjunnar árið 2020. Verðskrá skv. fyrrgreindum samningi var birt á heimasíðu STEFS í júlí 2023 og má sjá [hér](#).

Samhliða bréfinu barst krafa upp á 411 þúsund krónur fyrir meinta spilun á gjaldskyldri tónlist allt árið 2023. Upphæðin var reiknuð með því að leggja 76 krónu gjald á hvern einstakling sem var skráður í Siðmennt 1. janúar 2023 skv. skráningu Þjóðskrár.

Það er ýmislegt að athuga við þetta bréf og kröfu, helst ber að nefna:

- Starfsemi okkar er ekki einsleit starfsemi Þjóðkirkjunnar.
- 20% af þessum 76 krónum renna í Tónlistarsjóð kirkjunnar og STEFs.
- Verðskráin er fyrst birt í júlí 2023 en krafan er fyrir allt árið.
- Óljóst er með öllu hvað forsendur um notkun liggja að baki.

Framkvæmdastjóri Siðmenntar hafði samband við STEF símleiðis og hafnaði kröfunni, símtali var fylgt eftir með tölvupósti þann 22. september. Siðmennt viðurkennir að endrum og sinnum kann að vera spiluð leyfisskyld tónlist á þeim viðburðum sem haldnir eru á vegum félagsins en það sé í mun minna mæli en sem réttlætir þá upphæð sem er í kröfu STEFs. Mögulegur viðmiðunargrunnur er verðskrá fyrir samkomur og viðburði sem ekki teljast einkasamkvæmi, sjá [hér](#).


Formaður, framkvæmdastjóri og verkefnastjóri athafnaþjónustu hittu STEF á fundi miðvikudaginn 25. september og var farið yfir hvernig starfsemi Siðmenntar er háttað. STEF sýndi mikinn skilning og er næsta skref að skrifa bréf þar sem gert er grein fyrir starfseminni og mögulegri notkun á leyfisskyldri tónlist. Krafa verður felld niður.

Mörður mun taka málið áfram í umræðu hjá samráðsvettvangi trú- og lífsskoðunarfélaga.


6. Fermingar 2024

Ágætur gangur er í fermingarskráningum fyrir 2024, nú eru 458 athafnaskráningar og 362 námskeiðsskráningar komnar. Stjórn er er hlynnt þeirri hugmynd skrifstofu að setja auglýsingaátak í gang og er félagið komið með tilboð frá Billboard um auglýsingar í strætóskýlum á höfuðborgarsvæðinu, Reykjanesi, Selfossi, Hveragerði og Borgarnesi. Einnig ætlum við að setja auglýsingar í bæjarblöð stærri kaupstaða á landinu. Fagaðili fer fyrst yfir þær.

Fjöldi skráninga í fermingarathöfn næsta árs



Fjöldi skráninga í fermingarfræðslu næsta árs



Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union
 EHF - European Humanist Federation
 MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands

7. Starfsauglýsing Landspítala

Þann 1. september auglýsti Landspítalinn eftir sjúkrahúspresti eða sjúkrahúsdjákna. Krafa var um sérhæft nám í sálgæslu (CPE) eða sambærilegt nám, hafa lokið mag. theol. eða djáknanámi og hlotið embættisgengi.

Landspítali auglýsir laust starf sjúkrahúsprests eða sjúkrahúsdjákna til afleysingar til eins árs í teymi sálgæslu á spítalanum. Umsækjendur þurfa að hafa sérhæft nám í sálgæslu (CPE) eða sambærilegt nám, hafa lokið mag. theol. eða djáknanámi og hlotið embættisgengi. Jafnframt er æskilegt að viðkomandi hafi góða starfsreynslu sem prestur eða djákni. Starfshlutfall er 100% og gert ráð fyrir ráðningu frá 15. október 2023.

Formaður Siðmenntar sendi bréf dagsett 28. sept til jafnréttisnefndar spítalans og barst svar 11. október þess efnis að óskað sé eftir umræðu og endurskoðun fyrirkomulags sálgæslu á Landspítalanum. Stjórn Siðmenntar fagnar þessari niðurstöðu.

8. Þingsályktunartillaga um meðferð líka.

Tillaga til þingsályktunar um skipun starfshóps um umönnun og geymslu líka. Flm.: Jódís Skúladóttir, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Líneik Anna Sævarsdóttir. sjá [hér](#).

Þingsályktunartillagan tengist vandamáli við að reka líkhús þar sem ekki er skýrt hver á að reka/borga. Stjórn Siðmenntar er á því máli að tillagan sé góð og vill senda umsögn og bjóða fram fulltrúa í starfshópi.

9. Samstarfsvettvangur trú- og lífsskoðunarfélaga

Málþing verður haldið þann 6. nóvember. Mörður tók það hlutverk að sér að finna mælanda. Formaður heyrir í honum.

10. Viðburðir á döfinni

Viðburðir á döfinni

- Vísindaferð heimspekinema - 19. október
- Efast á kránni - 16. nóvember (ath. fært til 23. nóvember)

11. Alþjóðasamstarf

Eftirfarandi verkefni eru á döfnni

- Kolbrún: Ungmennaskipti til Þýskalands 28. okt - 5. nóv
- Eyfi & Guðrún: Heimsókn til Human-Etisk Forbund Norge 2. nóvember
- Eyfi: CEO Network meeting 23. nóvember
- Inga: European Humanist Professionals 4. - 6. desember
- Siðmennt: Nordic Gathering Reykjavík 2024 (lau/sun 4. - 5. maí)

12. Utanumhald stjórnarfundar

Það hefur viljað gerast að boðað hefur verið seint til stjórnarfundar og dagskrá ekki mótuð. Framkvæmdastjóri tekur þetta til sín og mun gera sitt besta til að skerpa á vinnubrögðum í þessum málum. Auk þess væri æskilegt að hafa betri fjarfundarbúnað. Framkvæmdastjóri skoðar málið.

Næsti fundur: mánudagur 30. október kl. 16:30

Ákvörðunarlisti

Atriði
Athafnaráð skoðar verð er 2 athafnir eru í einu.
Athafnaráð skoðar vígsluréttindi til skrifstofu.
Athafnaráð skoðar hvaða vígsluskjöl Siðmennt býður upp á.
Athafnaráð gefur álit á gjaldskrá sem sent verður stjórn til samþykktar
Skrifstofa auðgar verktakasamning til athafnastjóra.
Verkefnastjóri athafnaþjónustu vinnur erindisbréf v. athafnaráðs.
Skrifstofa skrifar bréf til STEFs.
Mörður tekur STEF málið áfram hjá samráðsvettvangi trú- og lífsskoðunarfélaga.
Verkefnastjóri fermingarfræðslu kemur auglýsingum í farveg.
Siðmennt býður fram einstakling í starfshóp vegna þingsályktunartillögu um meðferð líka.
Mörður finnur mælanda á málþingi samstarfsvettvangs trú- og lífsskoðunarfélaga í samráði við Formann.
Vandaðri umgjörð um stjórnarfundi.

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands